

1.fundur Ferðamálaráðs

9. apríl 2015 kl. 11-13

Mættir: Þórey Vilhjálmsdóttir, formaður, Páll Marvin Jónsson, varaformaður, Halldór Benjamín Þorbergsson, Þórir Garðarsson, Hjálmar Sveinsson, Ásbjörn Björgvinsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Jón Ásbergsson og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Gestir: Ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Guðfinna Bjarnadóttir, verkefnisstjóri hóps um stefnu og framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á Íslandi.

Ritari: Brynhildur Pálmarsdóttir, skrifstofa viðskipta, nýsköpunar og ferðaþjónustu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

A. Farið yfir praktísk mál nýs ferðamálaráðs

Fundur verði haldnir mánaðarlega með möguleika á hliðrun yfir sumarleyfistíma.

Fundur verði haldnir fyrsta fimmtudag í mánuði og skuli standa frá 11 til kl. 13.

Boðað verður til næsta fundar þann 7. maí nk. Formlegt fundarboð fylgir fljótlega.

B. Erindi ráðherra, upptaktur að starfi ráðsins

Ráðherra fór yfir ferðaþjónustutengd málefni sem eru í deiglu hjá ráðuneytinu og frumvörp sem eru til meðferðar á Alþingi. Einnig farið yfir stöðu frumvarpsins um náttúrupassa og næstu skref stjórnvalda varðandi ferðamannastaði.

Fundarmenn spurði ráðherra spurninga, svo sem varðandi þingsályktunartillögu um landsskipulag, vinnu ferðamálaráðs og hvaða kröfur eða væntingar séu gerðar til ráðsins af hálfu ráðherra.

Ráðherra lítur svo á að ferðamálaráðið sé til ráðgjafar fyrir ráðuneytið og ráðherra sjálfan. Þar sé samankomin mikil þekking á ferðaþjónustu og ráðið verði að hluta til „think tank“.

Annars var afstaða ráðherra sú að vinnuferlið og samstarfið við ferðamálaráð muni mótast með tímanum.

Eitt verkefni ferðamálaráðs gæti verið að veita umsagnir um frumvörp sem eru í vinnslu í ráðuneytum og þá ekki eingöngu á málefnasviði ANR heldur frumvörp með víðtæka skírskotun í ferðaþjónustu.

C. Erindi frá Guðfinnu Bjarnadóttur varðandi stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Guðfinna fór yfir glærur sem sýna aðferðarfræði verkefnahópsins um ferðamálastefnuna, hvað þegar hefur verið gert, hvaða tölfræði verið safnað og hvert horft er í tengslum við „best practice“.

Einnig farið yfir frumniðurstöður vinnu verkefnahópsins og fyrstu drög að markmiðum nýrrar ferðamálastefnu. Umræður í framhaldinu sem snertu meðal annars á heildartekjum hins opinbera af ferðaþjónustunni, hvað búi að baki tölum um gjaldeyristekjur af ferðamönnum, framleiðni í greininni, menntun og aukningu starfa í greininni ásamt umræðu um aðgerðaáætlun fyrir ferðaþjónustuna, einföldun á stjórnskipulagi og regluverki í ferðaþjónustu og upplifun ferðamannanna af landinu.

D. Önnur mál

Rætt var um næstu fundi ráðsins og þann möguleika að hitta t.d. Vegamálastjóra og Samgöngunefnd.

Einnig ákveðið að fá Guðfinnu aftur á næsta fund ráðsins til þess að fara yfir tillögur verkefnahópsins um ferðamálastefnu sem þá munu verða orðnar skýrari og afmarkaðri. Ákjósanlegast ef Guðfinna gæti sent ráðinu punkta úr stefnumótuninni sem hægt væri að skoða fyrir fundinn.

Fundi slitið kl. 12:55.